

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Frostaskjól 2-4 (svæði KR), deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. janúar 2003, deiliskipulag fyrir íþróttasvæði KR, Frostaskjól 2-4.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grafarholt austur, breyting á deiliskipulagi varðandi lóðirnar nr. 11-21 við Þórðarsveig.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi austurhluta Grafarholts varðandi lóðirnar nr. 11-21 við Þórðarsveig.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vatnsgeymar á Reynisvatnsheiði, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. janúar 2003, deiliskipulag fyrir vatnsgeyma á Reynisvatnsheiði.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Heilsuverndarreitir, Snorrabraut, Egilsgata, Barónsstígur, Bergþórugata, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. apríl 2003, endurskoðað deiliskipulag fyrir Heilsuverndarreit sem afmarkast af Snorrabraut, Egilsgötu, Barónsstíg og Bergþórugötu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Norðlingaholt, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. apríl 2003, deiliskipulag fyrir nýbyggingarsvæði í Norðlingaholti við Elliðavatn. Á fundi sínum, þann 3. júní 2003, samþykkti borgarráð að fresta skipulagi norðausturhluta svæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. júní 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.